

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um fræða- og rannsóknarstarf á Austurlandi.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

Hvernig telur ráðherra að nýta megi innviði sem fyrir eru á Austurlandi til að efla enn frekar og styrkja fræða- og rannsóknarstarf í fjórðungnum?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi hefur skorað á ríkisstjórnina og háskóla landsins að efla og styrkja rannsóknarstarf á Austurlandi. Sambandið hefur bent á innviði sem fyrir hendi eru til að stunda slíkt fræða- og rannsóknarstarf í einstökum greinum:

- Fræðasetrið Búland í Neskaupstað sem miðstöð sjávarrannsókna með áherslu á upp-sjávarfisk í tengslum við Hafrannsóknastofnunina og Mátis.
- Náttúrustofu Austurlands varðandi rannsóknir á þjóðgörðum og náttúruverndarsvæðum á Austurlandi.
- Jarðfræðisetrið í Breiðdal fyrir jarðfræðirannsóknir.
- Skógrækt ríkisins fyrir rannsóknir í tengslum við skógrækt og skóglendi.
- Vatnajökulþjóðgarð í tengslum við starfsemi þar.
- Rannsóknasetur HÍ á Egilsstöðum.
- Austurbrú í samstarfi við fyrirtæki í fjórðungnum.
- Gunnarsstofnun fyrir bókmenntarannsóknir.